

Lög

um breytingu á lögum um Neytendastofu og talsmann neytenda, nr. 62/2005, með síðari breytingum (talsmaður neytenda o.fl.).

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. laganna:

- a. 2. málsl. 1. mgr. fellur brott.
- b. 2. mgr. orðast svo:

Neytendastofa skal stuðla að fræðslu til almennings um neytendamál og önnur verkefni sem stofnuninni verða falin með lögum eða reglugerðum. Neytendastofa skal skila ráðherra árlega skýrslu um starfsemi sína á liðnu almanaksári. Skýrsluna skal birta opinberlega.

2. gr.

2. mgr. 3. gr. laganna orðast svo:

Forstjóri stjórnar daglegum rekstri Neytendastofu og ræður aðra starfsmenn. Forstjóri ber ábyrgð á að starfsemi og rekstur stofnunarinnar sé í samræmi við lög og stjórnvaldsfyrirmæli, að rekstrarútgjöld og rekstrarafkoma sé í samræmi við fjárlög og að fjármunir séu nýttir á árangursríkan hátt.

3. gr.

5.–11. gr. laganna falla brott.

4. gr.

Heiti laganna verður: **Lög um Neytendastofu.**

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Við gildistöku laga þessara verða verkefni embætti talsmanns neytenda sameinuð verkefnum Neytendastofu. Frá sama tíma er embætti talsmanns neytenda lagt niður.

6. gr.

Breyting á öðrum lögum.

Við gildistöku laga þessara verða eftirfarandi breytingar á öðrum lögum:

1. *Lög um alferðir, nr. 80/1994, með síðari breytingum:* Í stað orðanna „laga um Neytendastofu og talsmann neytenda“ í 3. mgr. 17. gr. laganna kemur: laga um Neytendastofu.
2. *Lög um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu, nr. 134/1995, með síðari breytingum:* Í stað orðanna „laga um Neytendastofu og talsmann neytenda“ í 19. gr. a laganna kemur: laga um Neytendastofu.
3. *Lög um öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga, nr. 146/1996, með síðari breytingum:* Í stað orðanna „laga um Neytendastofu og talsmann neytenda“ í 1. og 2. másl. 8. mgr. 11. gr. laganna kemur: laga um Neytendastofu.
4. *Lög um gerð samninga um hlutdeild í afnotarétti orlofshúsnæðis, nr. 23/1997, með síðari breytingum:* Í stað orðanna „laga um Neytendastofu og talsmann neytenda“ í 2. mgr. 10. gr. laganna kemur: laga um Neytendastofu.
5. *Lög um húsgöngu- og fjarsölusamninga, nr. 46/2000, með síðari breytingum:* Í stað orðanna „laga um Neytendastofu og talsmann neytenda“ í 3. mgr. 17. gr. laganna kemur: laga um Neytendastofu.
6. *Lög um rafrænar undirskriftir, nr. 28/2001, með síðari breytingum:* Í stað orðanna „laga um Neytendastofu og talsmann neytenda“ í 6. mgr. 18. gr. laganna kemur: laga um Neytendastofu.
7. *Lög um rafræn viðskipti og aðra rafræna þjónustu, nr. 30/2002, með síðari breytingum:* Í stað orðanna „laga um Neytendastofu og talsmann neytenda“ í 2. mgr. 19. gr. laganna kemur: laga um Neytendastofu.
8. *Lög um vörur unnar úr eðalmálmum, nr. 77/2002, með síðari breytingum:* Í stað orðanna „laga um Neytendastofu og talsmann neytenda“ í 5. mgr. 11. gr. laganna kemur: laga um Neytendastofu.
9. *Lög um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, nr. 57/2005, með síðari breytingum:* Í stað orðanna „laga um Neytendastofu og talsmann neytenda“ í 4. mgr. 4. gr. laganna kemur: laga um Neytendastofu.
10. *Lög um mælingar, mæligrunna og vigtarmenn, nr. 91/2006, með síðari breytingum:*
 - a. Í stað orðanna „Neytendastofu og talsmann neytenda“ í 2. másl. 2. mgr. 28. gr. laganna kemur: Neytendastofu.
 - b. Í stað orðanna „laga um Neytendastofu og talsmann neytenda“ í 2. mgr. 38. gr. a laganna kemur: laga um Neytendastofu.
11. *Lög um neytendalán, nr. 33/2013:* Í stað orðanna „Neytendastofu og talsmann neytenda“ í 3. másl. 3. mgr. 29. gr. laganna kemur: Neytendastofu.

Samþykkt á Alþingi 3. desember 2013.